

Mál nr. 3
Magni
gegn
Völsungi

Kæra Magna

Dómkröfur:

Þess er hér með krafist að úrslitum úr leik Magna og Völsungs frá 24.05.07 verði breytt og hann dæmdur 3-0 Magna í vil. Farið er fram á að túlkun þeirrar reglu sem hér á reynir verði skýrð á fullnægjandi hátt og haft við þá túlkun til hliðsjónar jafnt lög og reglugerðir KSÍ sem og þær venjur sem skapast hafa um beitingu viðkomandi reglu.

Málsatvik og málsástæður:

Þann 24.maí s.l. áttust Magni og Völsungur við í leik í 3.umferð ísl.móts karla 2.deild á Grenivíkuvelli. Rétt fyrir leik, eða í upphitun, meiðist einn leikmaður Völsunga Rodney Perry, kt.270181-2439. Í ljós kom að leikmaðurinn gat ekki byrjað leikinn vegna meiðsla sinna. Rétt áður en leikurinn hefst taka leikmenn Magna eftir því að einn varamanna Völsunga, Elfar Aðalsteinsson, kt.120890-2639, er við miðlínu vallarins, reiðubúinn að koma inná. Um leið og leikurinn er flautaður á hleypur viðkomandi leikmaður inná völlinn án þess að formleg skipting hafi farið fram á honum og áður nefndum Rodney Perry. Aðstoðardómari leiksins, Sverrir Pálmason, kt.241167-4299, tilkynnir forráðamönnum Magna að skipting hafi farið fram fyrir leik. Eftir þetta skipta Völsungar 3 leikmönnum til viðbótar inná völlinn, fyrst á 65.mín, þá á 74.mín og loks á 83.mín, þetta má glögglega lesa af skýrslu leiksins sem fylgir með kærinni. Þar með höfðu Völsungar skipt 4 varamönnum inná í leiknum sem er ástæða þess að Magni sér ekki aðra leið en að kæra úrslit leiksins og krefjast þess að úrslitum hans verði breytt með hliðsjón af gildandi reglum KSÍ.

Helstu röksemdir:

Kærandi í þessi máli getur ekki sætt sig við að annað liði komist upp með það að skipta 4 leikmönnum inná í leik þegar það kemur berlega fram víðsvegar í lögum og reglugerðum KSÍ að einungis sé heimilt að skipta þremur varamönnum inná í leik. Nægir hér til glöggvunar að vísa til 3.gr knattspyrnulaga þar sem segir m.a um opinber mót; *“Nota má hið mesta þrjá varamenn í öllum leikjum sem leiknir eru í opinberum mótum á vegum FIFA, álfusambandanna eða knattspyrnusambandanna.”*.

Ennfremur kemur það fram í grein 9.2. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót að áður en að leikur hefjist þá skuli forráðamaður heimaliðs afhenda dómara útfyllta leikskýrslu með númerum og nöfnum þeirra leikmanna sem hefja eiga leik, auk tilnefndra varamanna og nöfnum liðsstjórnar. Skulu númer hvers og eins leikmanns tilgreind á leikskýrslunni í samræmi við númer á keppnistreyjum þeirra. Þetta ákvæði verður vart skilið á annan veg en þann að ætlast sé til þess að áður en leikur hafjist þá skulu forráðamenn og fyrirlíðar liðanna staðfesta liðsuppstillingu síns liðs með undirritun á leiksskýrslu og að allar breytingar á liðsuppstillingu eftir það teljist þá vera skipting í skilningi 3.gr knattspyrnulaga um leikmannaskipti. Teljum við eðlilegra að leikurinn sé látinn hefjast og strax við fyrsta hentugleik er hinum meidda leikmanni skipt útaf og varamaður settur inná.

Í leik á milli Magna og KS/Leifturs í deildarbikar KSÍ þann 7.apríl 2006 kom svona atvik upp og var brugðist við því þannig að leikurinn var látinn hefjast og varamanni svo skipt inná við fyrsta tækifæri. Var þetta gert svona að tilmælum dómara leiksins, Agli A. Sigbórssyni, sem tjáði forráðamönnum Magna að eftir að fyriliðar og forráðamenn hafa staðfest skýrsluna þá sé henni ekki breytt.

Lagatilvísanir:

Eins og fram kemur hér að ofan þá er einkum vísað til greinar 9.2. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, 3.gr knattspyrnulaga og fordæmisgildi ákvörðunar dómara í leik Magna og KS/Leifturs dags. 7.apríl 2006.

Sönnunargögn:

Leikskýrsla úr leik Magna og Völsungs, dags. 24.maí 2007

Leikskýrsla úr leik Magna og KS/Leifturs, dags. 7.apríl 2006

Vitni:

Guðmundur Ársæll Guðmundsson, dómari leiksins

Sverrir Pálmason, aðstoðardómari 1

Eðvarð Eðvarðsson, aðstoðardómari 2

Rúnar Guðlaugsson, Eftirlitsmaður leiksins

Egill Arnar Sigbórsson, dómari leiks Magna og KS/Leifturs, dags. 7.apríl 2006

Íþróttafélagið Magni Grenivík áskilur sér rétt til þess að kalla til fleiri vitni og koma að frekari upplýsingum, gefi greinargerð kærða tilefni til.

Virðingarfyllst

f.h. Íþróttafélagsins Magna Grenivík

Búi Vilhjálmur Guðjónsson

Greinargerð Völsungs

Í dómkröfu er þess krafist að úrslitum í leik Magna og Völsungs frá 24.05.07 verði breytt og hann dæmdur 3 – 0 Magna í vil. Farið er fram á að túlkun þeirra reglu sem hér á reynir verði skýrð á fullnægjandi hátt og haft við þá túlkun til hliðsjónar jafnt lög og reglugerðir KSÍ sem og þær venjur sem skapast hafa um beitingu viðkomandi reglu.

Málavextir, málsatvik og helstu röksemdir er lýst í kæru Magna.

Vegna framkominnar kæru vina okkar og nágretta í Magna, Grenivík, leggur Völsungur fram eftirfarandi greinargerð.

Ekki verður amast yfir efnis- eða röksemdarfærslum Magna enda þeirra túlkun lögð til grundvallar kærinni. Það er engu að síður fráleitt að ætla, og halda fram ólögmati Völsungs í leik sem fram fór á Greinivík þann 24. maí s.l.

Í fyrsta lagi þá hófu 11 leikmenn leikinn og þremur leikmönnum er síðan skipt inn á í síðari hálfleik. Það er tilhæfulaust að halda fram að Völsungur hafi gert skiptingu fyrir leik, enda byrjuðu 11 leikmenn Völsungs leikinn þegar leikur er flautaður á. Varðandi það atvik sem kærandi nefnir og getið er í málavöxtum Magna þar sem staðhæft er að leikmaður í leikmannahópi Völsungs hafi verið skipt inn á er leikur hófst er rangur. Tilfærsla á leikmönnum átti sér stað fyrir leik og í fullkomnu samkomulagi við dómara og línuverði. Rætt var við dómara fyrir leik varðandi tilfærslu á leikmönnum í leikskýrslu og þótti ekki ástæða til að endurrita leikskýrsluna vegna atviksins. Dómari leiksins taldi nóg að gera línuverði viðvart um breytinguna. Marg ítrekað var spurt um áhrif þess varðandi varamannafjölda þ.e. hvort þessi breyting hefði áhrif á fjölda leyfilegra varamanna eftir að leikur hófst. Af svörum dómara og línuvarðar liggur alveg ljóst fyrir að svo var ekki. Því til staðfestingar var línuvörður spurður enn og aftur um skiptingafjölda fyrir þriðju skiptingu sem og hann heimilaði, enda hefði hún aldrei farið fram ef línuvörður hefði ekki staðfest fjölda skiptinga í leiknum.

Í öðru lagi hefur Elfar Aðalsteinsson, leikmaður númer 14, leikinn og í sinni stöðu á vellinum í stað Rodney Perry sem meiddist í upphitun. Elfar beið aldrei við hliðarlínu við upphaf leiks eins og skilja má í lýsingu kæranda í málsatvikum. Er því um villandi lýsingu að ræða. Í 3.gr. knattspyrnulaganna um leikmannaskipti kemur fram að:

- *varamaður kemur ekki inn á leikvöllinn fyrr en leikmaðurinn, sem hann skiptir við, er farinn út af og eftir að hafa fengið merki frá dómaranum*
- *varamaður kemur einungis inn á leikvöllinn við miðlínu og þegar leikur hefur verið stöðvaður*

Ef um skiptingu er að ræða fyrir leik hefur dómari leiksins ekki gefið fullnægjandi merki um að skipting hafi átt sér stað. Ef varamaður á einungis að koma inn á leikvöllinn við miðlínu hefur það misfarist einnig því leikmaðurinn var inn á leikvelli, í sinni stöðu, strax í upphafi þegar leikurinn er flautaður á.

Í grein 9.2. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og segir að áður en að leikur hefjist þá skuli forráðamaður heimaliðs afhenda dómara útfyllta leikskýrslu með númerum og nöfnum þeirra leikmanna sem hefja eiga leik, auk tilnefndra varamanna og nöfnum liðsstjórnar. Skulu númer hvers og eins leikmanns tilgreind á leikskýrslunni í samræmi við númer á keppnistreyjum þeirra. Samkvæmt rökfærslum og túlkun kæranda á þessari grein er ljóst að um mjög þrönga túlkun er að ræða. Megin ástæðan er sú að venju samkvæmt ber aðkomuliði að ljúka útfyllingu á leikskýrslu á undan heimaliði og er það oft klukkutíma til 30 mín fyrir leik. Komi upp sú aðstaða að einn leikmaður í byrjunarliði getur ekki hafið keppni vegna meiðsla er ljóst að jafnræði með liðum er ekki það sama, því heimalið hefur í slíkum tilvikum mun meiri tíma til að gera breytingar á leikmannahópi sínum.

Við lítum svo á að dómari leiksins hafi alltaf endanlega ákvörðunartöku um hvernig svona málum er háttað og allar breytingar fyrir leik geta aldrei haft áhrif á gang leiks sem ekki er hafinn.

Í þriðja lagi má benda á viðlíka mál eins og t.d. mál nr. 6. Neisti gegn Leikni F. þar sem hreinlega gleymdist að rita nafn varamanns á leikskýrslu en viðkomandi leikmaður var notaður í umræddum leik. Í niðurstöðu dómanna (dómstóls KSÍ og áfrýjunardómstóls KSÍ) er niðurstaðan sú að ekki var um ólögmæti að ræða, þó tæknilega hafi gleymst að rita nafn viðkomandi leikmanns á skýrslu fyrir leik.

Því er harðlega mótmælt að lið Völsungs hafi gerst brotlegt um ólögmæti í leik vegna fjölda skiptinga. 11 leikmenn hófu keppni samkvæmt lögum KSÍ, og þremur skiptimönnum er skipt inn á í seinni hálfleik, eins og lög gera ráð fyrir. Alls eru því 14 leikmenn sem taka þátt í leiknum. Allir leikmenn Völsungs eru löglegir leikmenn liðsins og með leikheimild. Dómari leiksins gefur leyfi fyrir breytingunum og línuverði er gert viðvart um breytingu í skýrslunni áður en leikur fer fram. Það er því ekkert við þennan leik að athuga. Hann fór vel fram og var vel spilaður af beggja hálfu. Þess er krafist að úrslit leiksins standi óbreytt.

Það er samt miður þegar forráðamenn félagsliða falla svo lágt að kæra atvik sem á engan hátt hafa áhrif á leikinn og er eingöngu til þess fallið að eyðileggja þá ánægju og gleði sem fylgir knattspyrnunni. Það er einnig sorglegt til þess að vita ef hægt er að ná sér í 3 stig með slíkum hætti. Tæknilegt atvik sem á sér stað löngu fyrir upphafsspyrnu getur ekki og á ekki að geta haft áhrif á úrslit leiksins.

Ef óskað er eftir vitnum þá eru eftirtaldir aðilar málsins:

Róbert Ragnar Skarphéðinsson, þjálfari, kt. 161274-6079

Unnar Garaðarsson, aðstoðarþjálfari, kt. 200278-5859

Friðrik Jónasson, liðsstjóri, kt. 300462-5379

Virðingarfyllst,

f.h. Knattspyrnuráðs Völsungs
Guðbjartur Ellert Jónsson
formaður

Úrskurður aga og úrskurðarnefndar

Ár 2007, þriðjudaginn 26. júní, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Halldóri Frímannssyni, Helga R. Magnússyni og Presti Ríkharðssyni.

Fyrir er tekið málið nr. 3/2007:

Íþróttafélagið Magni,
gegn
Íþróttafélaginu Völsungi.

Gögn málsins merkt nr. 1-3 liggja frammi. Er nú í nefndinni kveðinn upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I.

Kærandi:

Íþróttafélagið Magni Grenivík, kt. 580883-0529, Gamla skólanum, 610 Grenivík.
Fyrirsvarsmaður: Búi Vilhjálmur Guðjónsson, kt. 251174-5209.

Kærði:

Íþróttafélagið Völsungur, kt. 710269-6379, Stóragarði 8, 640 Húsavík.
Fyrirsvarsmaður: Guðbjartur Ellert Jónsson, kt. 150663-2029, form. mfl. ráð karla.

Kært er vegna leiks liðanna í 3ju umferð Íslandsmóts karla 2. deild sem fram fór 24. maí s.l. kl. 20.00 á Grenivíkurvelli og lyktaði með markatölunni 2-5.

Mál þetta er mótttekið á skrifstofu KSÍ 31. maí sl. Kærða var gefinn kostur á skila greinargerð sem barst 8. júní sl. Við fyrirtekt málsins hjá aga- og úrskurðarnefnd KSÍ 12. júní s.l var kallað eftir umsögn dómara um kærumálið. Umsögn hans barst KSÍ 18. júní s.l.

Kröfur kæranda:

“Þess er hér með krafist að úrslitum úr leik Magna og Völsungs frá 24.05.07 verði breytt og hann dæmdur 3-0 Magna í vil. Farið er fram á að túlkun þeirrar reglu sem hér á reynir verði skýrð á fullnægjandi hátt og haft við þá túlkun til hliðsjónar jafnt lög og reglugerðir KSÍ sem og þær venjur sem skapast hafa um beitingu viðkomandi reglu.”

Kröfur kærða:

Kærði krefst þess að úrslit leiksins verði látin standa óhöggð.

II.

Málsatvik og ágreiningsefni:

Þann 24. maí s.l. kepptu Magni og Völsungur í 2. flokk í Íslandsmóti karla á heimavelli kæranda. Kærandi kveður að í upphitun og rétt fyrir leik hafi einn leikmaður kærða, Rodney Perry, meiðst og því ekki getað hafið leik. Rétt áður en leikurinn hófst kveðst kærandi hafa tekið eftir því að einn varamanna kærða, Elfar Aðalsteinsson, ætlaði að hefja leik. Hann hafi hlaupið inná um leið og leikurinn var flautaður á. Sverrir Pálmason, aðstoðardómari leiksins hafi tilkynnt forráðamönnum kæranda um breytinguna á liðskipan kærða. Þá hafi kærði skipt þrisvar sinnum inná varamönnum í leiknum eftir að hann var flautaður á.

Kærandi heldur því fram að með þessu hafi kærði verið með fjórar innáskiptingar í leiknum sem brjóti í bága við 3. gr. knattspyrnulaga, sem heimili einungis þrjár innáskiptingar. Jafnframt vísar kærandi til 9.2. gr. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, sem kveður á um skyldu forráðamanna heimaliðs að afhenda dómara útfyllta leikskýrslu áður en leikur hefst. Skv. þessu kveður kærandi að allar breytingar á liðsskipan eftir það teljist vera skipting í skilningi 3. gr. knattspyrnulaga um leikmannaskipti. Þess er krafist að leikurinn verið dæmdur tapaður fyrir kærða með markatölunni 3-0.

Kærði mótmælir þessu og heldur því fram að breytingin á gestaliðinu hafi farið fram fyrir upphaf leiks og í fullu samráði við dómara leiksins.

Af þessu tilefni leitaði aga-og úrskurðarnefnd KSÍ eftir umsögn dómara leiksins um kærana. Í umsögn dómarans segir að breytingin á leikmannahópi kærða hafi farið fram fyrir upphaf leiks og í fullu samráði við dómara og aðstoðardómara 1.

Kæranda var kynnt umsögn dómarans og kváðust þeir vilja að málið fengi efnislega afgreiðslu.

III.

Niðurstaða:

Kært er vegna leiks liðanna í 3ju umferð Íslandsmóts karla 2. deild sem fram fór 24. maí s.l. kl. 20.00 á Grenivíkuvelli og lyktaði með markatölunni 2-5.

Af gögnum málsins verður ráðið að aðstoðardómari kynnti kæranda breytingu á liðskipan kærða fyrir upphaf leiks liðanna. Ekki verður ráðið af gögnum málsins að kærðandi hafi borið fram mótmæli við dómara vegna þessa.

Í umsögn dómara um ágreiningsefnið kemur fram að breytingin á leikmannahópi kærða hafi farið fram fyrir upphaf leiks liðanna og í fullu samráði við dómara og aðstoðardómara 1.

Það er álit aga- og úrskurðarnefndar KSÍ að umsögn dómarans taki af öll tvímæli í þessu máli. Með vísan til þessa er það niðurstaða aga- og úrskurðarnefndar KSÍ að úrslit leiks liðanna skulu standa óbreytt.

IV.

Úrskurðarorð:

Úrslit í leik Magna og Völsungs í 3ju umferð Íslandsmóts karla 2. deild sem fram fór 24. maí s.l. kl. 20.00 á Grenivíkuvelli og lyktaði með markatölunni 2-5 skulu standa óbreytt.

Halldór Frímansson

Helgi R. Magnússon

Þröstur Ríkharðsson

Um áfrýjun:

Frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ skal vera 5 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með.